

5.5.2015

Athugasemd vegna Stjórnarfumvarps, höfundalög 701. mál (EES-reglur, lengri verndartími hljóðrita). — Þskj. 1175.

Í frumvarpinu er meðal annars sagt: "Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar" og "Listflytjandi getur sagt upp samningi um framsal réttinda til hljóðrits af listflutningi sínum til framleiðanda hljóðrits þegar 50 ár eru liðin frá útgáfu þess eða, ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá að það var birt [...]"

Nú má spyrja, hvaða lög voru gefin út árið 1945? Án þess að glöggva eftir því, reynið að svara. Það eru nú bara 70 ár síðan það var og þetta var meira að segja mjög merkilegt ár í nýliðinni mannkynssögu - lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Það hljóta að vera fullt af merkilegum verkum sem voru gefin út það ár sem eru rétt nú að renna úr höfundaréttti. Nei, annars. Viðkomandi höfundur þarf að hafa látist á því ári til þess að lög hans séu að ganga í opna eign. Hvaða lög koma þá til greina? Hvernig getur listflytjandi sagt upp samningi eftir andlát?

Hvaðan kemur þessi 70 ára krafa annars? Eða 50 ára krafan sem er nú þegar í gildi? Frá höfundi? Hann er auðvitað löngu dauður. Frá einhverjum sem eru að hagnast á verkum hans? Í frumvarpinu segir: "Í frumvarpi að verndartímatilskipuninni sem kynnt var 2008 kom fram að hljómplötuiðnaðurinn hefði orðið fyrir tekjutapi og gæti þar af leiðandi í minna mæli en áður sett fjármuni í að styðja við útgáfu hjá upprennandi tónlistarmönnum. Í rökstuðningi með frumvarpinu kom fram að lenging verndartíma myndi auka tekjur hljómplötuframleiðenda á nýjan leik og þannig styðja við að fjármunir væru settir í að styðja við tónlistarferil hjá nýju hæfileikafólki"

Iðnaður á engan rétt á lagalegri vernd tilveru sinnar. Þegar ný tækni og nýjar aðferðir koma fram þá á fyrri iðnaður einfaldlega að leggjast af. Annars væru munkar enn í klaustrum að skrifa bækur, hafnarverkamenn að landa vörum úr skipum í stað gáma og morse kóðinn væri enn notaður í rafrænum samskiptum.

Mjög fá verk lifa arðbæru lífi í 70 ár eftir andlát síðasta höfundar. Með því að lengja (í stað þess að stytta) verndartímabilið þá er verið að huga að hagsmunum örfárra aðila, augljóslega annarra en höfunda og hamla nýsköpun vegna þess að gríðarlega mikið af nýsköpun er endurgerð/betrumbæting eldri verka. Með þessari lengingu á verndartímanum er verið að takmarka ný verk gríðarlega mikið vegna þess að fjöldi verka sem þarf mögulega að taka tillit til, svo ekki sé brotið á höfundarétti, margfaldast. Áratugir af uppfinningum hrannast upp án þess að hægt verði að byggja ofan á þeirri reynslu og bæta. Lagalegt haft á sköpun og þróun.

Þessi lög eru skref afturábak. Breytið 70 ár í 20 ár frá birtingu (ekki andláti).

kv,  
Björn Leví Gunnarsson  
kt. 0106766069



**Félag íslenskra hljómlistarmanna**  
Rauðagerði 27  
108 Reykjavík  
Kt. 530169-5539  
S:588-8255 F: 588-8215  
Netfang: [fih@fih.is](mailto:fih@fih.is)  
Heimasíða: <http://www.fih.is>

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis,  
150 Reykjavík

Reykjavík 18.5. 2015

**Efni : Umsagnir um frumvörp um breytingar á höfundalögum**

Félag íslenskra hljómlistarmanna eru samtök með 620 félagsmanna. Fyrir Alþingi haf nú verið lögð fram eftirfarandi þrjú frumvörp sem

1. Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, (innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum), mál nr.700,
2. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum, (Lenging verndartíma hljóðrita.), mál nr. 701
3. Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, með áorðnum breytingum,(endurskoðun höfundalaga – einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), mál nr. 703.

Öll þessi frumvörp hafa í för með sér réttarbætur bæði fyrir notendur og hljómlistarflytjendur, þau ákvæði sem einkum hafa verið skoðuð af hálfu FÍH hvað listflytjendur snertir eru ákvæðin í frumvarpi í 1. tölulið hér að ofan sem varða heimild Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstofnana að nota flutning hljómlistarflytjenda sem áður hafa verið flutt. Þar sem skýrt kemur fram að semja þarf um slík not við flytjendur áður en að slíkri endurnotkun kemur telur FÍH öll skilyrði vera til staðar til að fallast á orðalag frumvarpsins í þessu efnun. Lenging verndartíma hefur lengi verið eitt af forgangsmálum FÍH en því miður hefur töluvert dregist að leiða í íslensk lög Evróðutillskipunina um lengingu verndartíma.

Stjórn FÍH mælir eindregið með því að öll þessi frumvörp verði lögfest á yfirstandandi vörþingi.

Virðingarfyllst

F.h. FÍH

Björn Th. Arnason

Athugasemdir FSFÍ vegna frumvarps um höfundalaga, (EES-reglur, lengri verndartími hljóðrita), 701. mál

\* Það er verið að endurskoða höfundalög hjá Evrópusambandinu um þessar mundir og líklegt að við þurfum að breyta höfundalögum aftur til að fylgja eftir breytingum út frá þeirri endurskoðun. Það getur valdið miklum ruglingi að breyta lögum oft á svona stuttu tímabili og ekki alveg ljóst af hverju við ættum að gera það.

\* Okkur finnst vanta frekari rökstuðning fyrir því að lengd verndartímans úr 50 í 70 ár sé nauðsynleg. Í grundvelli frumvarpsins er talað um að með þessu sé verið að auka tekjur hljómplötuframleiðenda.

Það hefur ekki sýnt sig í gegnum árin að það hafi skilað auknum tekjum að sifellt lengja verndartímann og hvers vegna 20 ár til viðbótar muni gera það. Auk þess er gert ráð fyrir að framleiðendur taki frá 20% tekna sinna til greiðslna til höfunda þannig að hér er verið að auka greiðsluskyldur framleiðenda. Tilskipunin tilgreinir sérstaklega að um sé að ræða 20% tekna af umræddu hljóðriti en lagatexti frumvarpsins ber þau merki að um sé að ræða 20% heildartekna framleiðandans. Við eigum jafnframt erfitt með að sjá með skýrum hætti hvað gerist ef t.d. hljómplötuframleiðandi eða réttthafasamtök leggja niður starfsemi eða verða gjaldþrota. Það er eitthvað sem mætti vera skýrara þar sem um ræðir 50 ár inn í framtíðina og réttindi flytjenda.

\* Þó svo að FSFÍ telji út frá reynslu af verkum undir frjálsari og opnari skilmálum, að það sé frekar hagur í því að stytta verndartímann til þess að ná fram anda höfundalaga, að hvetja til sköpunar, þá stingur það í stúf að með þessu frumvarpi sé vernd sumra aukin, flytjenda og hljómplötuframleiðenda og að þannig sé aðilum mismunað (t.d. kvikmyndagerðarmönnum). Þetta mætti rökstyðja betur með frumvarpinu, þ.e. af hverju sumir aðilar séu látnir sitja á hakanum.

\* Samkvæmt 45. gr. gæti komið upp tilfelli þar sem vernd flutnings sé lengri en vernd höfundarverksins sjálfs, jafnvel ef sköpun og upptaka flutnings eigi sér stað á svipuðum tíma, t.d. ef flytjandinn er upprunalegi flytjandi, ef höfundur deyr áður en upptaka er gefin út eða gerð almenningi aðgengileg. Það væri afskaplega undarleg staða að flytjandi hafi lengri verndartíma en höfundur. Sama má segja um hljómplötuframleiðendur (46. gr.)

\* Hvorki framleiðendur, höfundar eða aðrir réttthafar höfðu nokkrar forsendur til þess að ætla að verndartíminn yrði annar en sá er gildi á þeim tíma sem verndin öðlaðist gildi. Með tilliti til þess og afturvirkisreglunnar er rétt að takmarka framlengingu verndartímabilsins við þau verk sem öðlast fyrst vernd höfundalaga eftir gildistöku breytingarlaganna.

# Höfundaréttarfélag Íslands

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík 15.5. 2015

Höfundaréttarfélag Íslands vill undirstrika mikilvægi frumvarps til breytinga á höfundalögum sem fjallar um endurskoðun á I. kafla höfundalaga og um samningskvaðir sem er að finna í II. kafla höfundalaga.

Í fyrsta lagi er endurskoðun I. kafla, sem lýtur að því að uppfæra og samræma orðalag á þeim skilgreiningum um inntak höfundaréttar sem þar er að finna. Sú uppfærsla og samræming er mikilvæg. Fyrst til að skýra nánar inntak höfundaréttar og sérstaklega til að undirstrika að það á við bæði í hliðrænum og stafrænum heimi. Jafnframt er hér tryggt að samræmi sé á milli orðalags þeirra ákvæða og tilskipunar 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu, sem fellur undir EES samninginn. Við samræmingu orðalags í frumvarpinu var stuðst við sambærilegt orðalag í norrænni löggjöf.

Í öðru lagi lýtur endurskoðunin að því að samræma núgildandi ákvæði höfundalaga um samningskvaðir, leggja til fleiri samningskvaðaákvæði og tryggja enn frekar rétt utanfélagsmanna rétthafasamtaka sem bundnir eru af samningum sem falla undir samningskvaðaákvæði. Eins og segir í frumvarpinu er með samningskvöð:

... átt við það að ákveðið er með lögum að notendum verka sem varin eru af höfundarétti, sem gert hafa samning við höfundaréttarsamtök um notkun á verkum aðildarfélaga/félagsmanna þeirra (t.d. með ljósritun), skuli einnig vera heimilt að nýta verk höfunda sem standa utan samtakanna enda séu verkin sömu tegundar og verk sem samningurinn tekur til og notkunin að öðru leyti háð ákvæðum samningsins. Þetta fyrirkomulag auðveldar notkun verka, til hagsbóta fyrir rétthafa og notendur, í þeim tilvikum sem um mikla notkun fjölda verka er að ræða.

Samningskvaðir tryggja aðgang notenda, sérstaklega millinotenda eins og útvarpsstöðva, safna og menntastofnana að höfundaréttarvernduðum verkum, og þessir millinotendur geta síðan miðlað verkunum til almennings löglega, og jafnframt tryggja þær sanngjarnt endurgjald til höfunda og annarra rétthafa. Samningskvaðir eru gagnlegar á sviðum þar sem of dýrt er fyrir notendur verka að semja á einstaklingsgrundvelli við höfunda og aðra rétthafa vegna fjölda verka sem nota þarf, t.d. vegna spilunar tónlistar í útvarpi. Með þeim breytingum sem lagðar eru til á samningskvaðaákvæðum er verið að tryggja samræmi í notkun samningskvaða á mismunandi sviðum og jafnframt að tryggja enn betur rétt utanfélagsmanna. Ennfremur er verið að leggja til að unnt sé að semja á grundvelli samningskvaðar á fleiri sviðum, m.a. til að gefa bókasöfnum og öðrum söfnum tækifæri til að nota verk t.d. á netinu, hvort sem rétthafar þeirra eru þekktir eða ekki, til að auðvelda útvarpsstöðvum að endurnýta verk frá eldri útsendingum sínum og til eintakagerðar útsendinga útvarps (hljóð- og sjónvarps) fyrir blinda, sjón-og heyrnarskerta.

Höfundaréttarfélag Íslands telur mikla réttarbót felast í frumvarpinu og verði það að lögum sé þar með tryggður aukinn aðgangur almennings að höfundaréttarvörðum verkum og jafnframt að höfundar og aðrir rétthafar fái sanngjarnt endurgjald fyrir sitt framlag til menningar og lista í landinu.

F.h. Höfundaréttarfélags Íslands

  
Gunnar Guðmundsson formaður

Til: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Frá: Rán Tryggvadóttur, formanni höfundaréttarnefndar

15. maí 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyt. á höfundalögum, 701. mál (innleiðing tilskipunar, lenging verndartíma hljóðrita)

Frumvarpið varðar innleiðingu á tilskipun 2011/ 77/ESB um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda sem fellur undir EES samninginn.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er að lengja verndartíma listflytjenda vegna hljóðrita af listflutningi þeirra úr 50 árum frá því að hljóðrit var gefið út í 70 ár frá því að það var útgefið, eins og nánar er skýrt í kafla 2.2 í frumvarpinu. Það þýðir að verndartíminn kemst nær verndartíma höfundaréttarvarinna verka, sem er 70 ár eftir dauða höfundar. Þetta eru því töluverðar réttarbætur fyrir listflytjendur og samþykki frumvarpsins mun tryggja að íslenskir listflytjendur muni njóta sama réttar að þessu leyti og evrópskir listflytjendur.

Íslandi bar að innleiða tilskipunina fyrir ágúst 2014. Ljóst er að Ísland er þegar á eftir með innleiðinguna þannig að mikilvægt er að frumvarpið verði samþykkt eins fljótt og verða má. Annars gæti farið svo að Eftirlitsstofnun EFTA þyrfti að fylgja málinu eftir með máli fyrir EFTA dómstólnum um vanrækslu Íslands.

Nefndasvið Alþingis

15. maí 2015

IMMI stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi veitir hér umsögn um mál 701 - um breytingu á höfundalögum.

Bendir stofnunin á að höfundaréttarlög þarfnast lengri tíma til yfirferðar og hvetur stofnunin til þess að horft sé til breytinga á lagasetningu í þessum efnum í Evrópu sem nú er í undirbúningi.

Í 1. gr. frumvarpsins segir:

„Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða sem ákvæði 7. gr. taka til og skal þá telja greint 70 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar sem lengst lifir.

Höfundaréttur að tónverki með texta, þar sem bæði texti og tónverk eru samin sérstaklega fyrir hlutaðeigandi tónverk með texta, helst uns 70 ár eru liðin frá andlátsári þess sem lengst lifir af eftirtöldum aðilum:

1. Textahöfundar.
2. Tónskáld.

Höfundaréttur að kvikmyndaverkum helst í 70 ár eftir dánarár þess sem lengst lifir af eftirgreindum höfundum kvikmyndaverks:

1. Aðalleikstjórar.
2. Handritshöfundar, þ.m.t. höfundar samtalstexta.
3. Tónhöfundar sé tónlistin sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum.”

Samkvæmt Bernarsáttmálanum þarf höfundaréttur einungis að vera í 50 ár og hægt er að framlengja hann í 50 ár eftir lát höfundar hafi höfundur verið þekktur. Ísland er einungis bundið af því að hafa höfundarétt gildandi til 50 ára. Í Evrópusambandinu, þar sem verið er að vinna að samræmingu evrópskra höfundaréttarlaga, er lagt til í skýrslu<sup>1</sup> að samræming höfundaréttar skuli miðast við lágmarkslengd samkvæmt Bernarsáttmálanum. IMMI stofnunin sér engin rök fyrir því að miða við 70 ára gildandi höfundarétt frá andláti höfundar. Þvert á móti hefur lenging höfundaréttar frá andláti höfundar takmarkandi áhrif á menningu og gengur í berhögg við upplýsinga- og tjáningarfrelsi.

Þá bendir stofnunin einnig á að höfundaréttur - að kenna höfund við verk sitt - telst siðferðislegur réttur (e. moral right) sem ekki er hægt að svipta viðkomandi höfund. En þegar um ræðir einkarétt til útgáfu eða fjárhagsleg réttindi á verkum er réttara að tala um „afritunarrétt“ eða „rétt til

1

eftirgerðar” heldur en höfundarétt, samkvæmt Bernarsáttmálanum.

Í 3. gr. frumvarpsins segir:

„Í stað orðanna „50 ár“ í 2. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna kemur: 70 ár.”

Hér leggur stofnunin aftur til að 50 ár séu áfram til staðar í stað 70 ára. Hér er verið að lengja réttindatíma framleiðanda, en ekki höfunda, og eru sömu sjónarmið að baki þessarar athugasemdar IMMI og hér að ofan við 1. gr. frumvarpsins. Ekki fæst séð að góð rök séu fyrir því að lengja þennan gildistíma um 20 ár, heldur þvert á móti.

Í 4. gr. frumvarpsins segir:

„a. (47. gr. a.)

Listflytjandi getur sagt upp samningi um framsal réttinda til hljóðrits af listflutningi sínum til framleiðanda hljóðrits þegar 50 ár eru liðin frá útgáfu þess eða, ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá að það var birt, ef framleiðandinn gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til:

1. að bjóða eintök af hljóðriti í sölu í nægilegu magni eða
2. að gera hljóðritið aðgengilegt almenningi á þann hátt að hver og einn geti haft aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 2. gr.

Um uppsögn listflytjanda á samningi skv. 1. mgr. gildir eins árs uppsagnarfrestur. Uppsögn samnings tekur gildi að liðnum uppsagnarfresti hafi framleiðandi hljóðrits ekki gert viðeigandi ráðstafanir skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. Ógilt er afsal flytjanda á uppsagnarrétti samkvæmt þessari grein.

Við uppsögn samnings skv. 1. mgr. falla niður réttindi framleiðanda skv. 46. gr. til viðkomandi hljóðrits.

b. (47. gr. b.)

Hafi listflytjandi framselt framleiðanda hljóðrits rétt sinn til hljóðrits listflutnings fyrir eingreiðslu á hann rétt á árlegri viðbótarþóknun frá framleiðanda hljóðrits fyrir hvert heilt ár eftir að 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðritsins eða, ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðritið var gert aðgengilegt almenningi. Ógilt er afsal listflytjanda á rétti til árlegrar viðbótarþóknunar.

Framleiðandi hljóðrits skal leggja til hliðar fjárhæð til greiðslu viðbótarþóknunar skv. 1. mgr. Samanlögð fjárhæð sem lögð er til hliðar skal samsvara 20% af tekjum framleiðandans fyrir næstliðið ár. Viðbótarþóknun skv. 1. mgr. reiknast af tekjum framleiðanda hljóðrits vegna eintakagerðar, dreifingar eintaka og því að hljóðrit er gert aðgengilegt almenningi frá því að 50 ár eru liðin frá útgáfu hljóðrits eða, ef hljóðrit hefur ekki verið gefið út, þegar 50 ár eru liðin frá því að hljóðrit var gert aðgengilegt almenningi.

Umsýsla og útborgun viðbótarþóknunar skv. 1. mgr. er á hendi samtaka rétthafa sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytisins.

Eftir kröfu frá listflytjanda eða viðurkenndum samtökum skv. 3. mgr. ber framleiðanda hljóðrits að láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja greiðslu árlegrar viðbótarþóknunar.

Ráðherra setur nánari reglur um málsmeðferð vegna viðurkenningar samtaka skv. 3. mgr.”

Fyrsti liður þeirrar greinar laganna sem frumvarpið tekur til varðar samninga um framsal. Æskilegt

er að stytta mjög þann tíma sem lagt er upp með þarna. 50 ár er gríðarlega langur tími og leggur stofnunin til að miðað sé hér við 5-7 ár. Ef framleiðandi fullnægir ekki skyldum sínum sem útgefandi verður höfundi verks að vera kleift að bregðast við því innan eðlilegs tíma.

Að umsýslan eigi að vera í höndum samtaka rétthafa býr til óþarfa milliliði og hefur í för með sér tekjutap fyrir höfunda. Mælir stofnunin heldur með því að höfundar hafi rétt til þess að sýsla með mál sín við framleiðendur og/eða útgefendur sjálfir.

Þá vantar frekari skýringu á orðalaginu: „allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja greiðslu“. Ef slíkar upplýsingar eru ekki til staðar, hvernig er þá hægt að koma til móts við listamenn?

Stofnunin áréttar að um mjög viðamikil mál er að ræða og þarfnast þau ítarlegrar yfirferðar. Mun stofnunin taka því fagnandi að fá tækifæri til að veita frekari umsagnir og ráðleggingar, sé eftir þeim óskað, ef þessi mál fá þann úrvinnslutíma er þau þurfa. Þá bendir stofnunin aftur á það að verið er að vinna að úrbótum á höfundaréttarlögum í Evrópu um þessar mundir en sú vinna sem þar er í framkvæmd getur einnig nýst vel við vinnu þessara mála hér á landi.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson  
Framkvæmdastjóri IMMI



*Gildistími verndarákvæða höfundaréttar og áhrif framlengingar hans.  
Greinargerð vegna fyrirhugaðrar lengingar á verndartíma höfundalaga.*

**Úrdráttur:**

*Fjölþættur samfélagkostnaður fellur til vegna höfundaréttarkerfisins t.d. viðskiptakostnaður, kostnaður við að viðhalda kerfinu auk þess sem talið er að rétturinn hægi á uppsöfnun þekkingar og framleiðslu skapandi verka. Viðbótartekjur einstaklinga sem koma til vegna framlengingar verndartíma eru litlar (0.12% á núvirði að hámarki), í flestum tilfellum engar því flest verk eru fyrnd löngu áður en núgildandi verndartími rennur út. Rannsóknir gefa til kynna að kjörgildistími höfundaréttar sé mun skemmri en núverandi gildistími segir til um (u.þ.b. 20 ár alls), og sem efnahagslegur hvati til sköpunar er of langur gildistími sóun. Þar sem sæmdarréttur höfundar er ótímabundin tengist framlenging höfundaréttar einvörðungu nýttjaréttinum, hinum hagræna rétti, og ávinningur í þeim efnum er litill líkt og kemur fram að ofan. Íslenskir listamenn eru þeirrar skoðunar að núverandi gildistími sé af heppilegri lengd eða of langur, einungis 15% telja hann of skamman. Loks verður að horfa til þess að afturvirkni framlengingar, sem er sóun á gæðum gagnvart þeim verkum sem þegar eru orðin til án þessa viðbótartíma, er eignaupptaka þegar horft er til menningarlegrar sameignar þjóðarinnar.*

*Núverandi gildistími.*

Í tilskipun Evrópusambandsins frá 1993 var lágmarkstími höfundaréttar í aðildarlöndum var ákvarðaður 70 ár umfram líftíma. Sá gildistími var innleiddur í íslensk höfundalög 1996. Einn megintilgangurinn með evrópskum hugverkaréttindalögum, sem og alþjóðlegum sáttmálum, er samræming laga á milli landa og álfa. Það gefur augaleið að gífurlegur kostnaður, auk alvarlegra takmarkana, fylgir því ef (mikið) misræmi er á lögum sem gilda um 'vörur' sem er mikilvægar eru í alþjóðaviðskiptum en viðskipti með hugverkavarið efni nemur rúmlega 5% af heimsviðskiptum. Því hefur rík áhersla verið lögð á samræmingu, sérstaklega innan Evrópu, hin síðari ár og má segja að til sé orðinn nokkurs konar evrópskur stuðull þegar kemur að hugverkaréttindalögum. Hvað varðar gildistíma höfundaréttar er sá stuðull líftími og 70 ár umfram hann.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi að lögum um breytingu á verndartíma (62. mál, 121. löggjafarþings (1996)) kemur fram að „Frumvarpið kann að hafa í för kostnaðarauka fyrir stofnanir og fyrirtæki sem miðla hugverkum með útsendingu, sýningu, leigu eða útlánun. **Tekjur rétthafa að hugverkum og listflutningi munu þá aukast að sama skapi, en ógerningur er að áætla fjárhæðir í þessu sambandi**”. Þessi fullyrðin stenst ekki.

Hér verða tilgreindar ástæður þess að lenging verndartíma höfundarlagana er óæskileg. Ástæðurnar verða settar fram með eftirfarandi hætti:

1. *Hagræn áhrif lengingar verndartíma*
2. *Framlengin í ljósi ófjárhagslegra hagsmuna*
3. *Sjónarmið höfunda/listamanna varðandi gildistíma höfundaréttar*

#### 4. Afturvirkni veldur eignaupptöku úr menningarlegri sameign þjóðar (e. public domain).

##### 1. Hagræn áhrif lengingar verndartíma.

a) Jákvæð hagræn áhrif af framlengingu eru lítil, neikvæð áhrif gætu verið meiri.

Í umræðu um höfundarétt gleymist oft að hagsmunaaðilar eru ekki eingöngu höfundar og aðrir handhafar réttarins og kaupendu/neytendur. Almennigur er líka hagsmunaaðili af tveim ástæðum; sú fyrri er hinn samfélagslegi kostnaður sem því fylgir að hafa og viðhalda kerfinu og sú síðari er þau áhrif á frjálst flæði og dreifingu verndaðs efnis (þekkingar) sem réttindin takmarka. Réttindi höfundaréttthafa er að vissu marki skerðin á réttindum almennings.

Það fellur til samfélagslegur kostnaður við að viðhalda höfundaréttarkerfi. Hann er af ýmsum toga, þó mestmegnis viðskiptakostnaður, kostnaður við að viðhalda kerfinu auk þess sem talið er að rétturinn hægi á uppsöfnun þekkingar og framleiðslu skapandi verka. Viðbóartekjur einstaklinga sem koma til vegna framlengingar verndartíma eru litlar, í flestum tilfellum engar. Stór hluti höfundaréttarvarins efnis skilar aldrei tekum. Af stórum hluta þeirra verka sem þó skila tekjum, falla þær niður áður en 20 ár eru liðin frá útgáfu eða fyrstu sýningu vegna fyrmingar verka.

Það er lítil, jafnvel örsmár hluti verka sem skilar tekjum lengur en í 20 ár. Til þess að átta sig á því hversu miklar viðbóartekjur verða af framlengingu þarf að núvirða framtíðartekjurnar og gera ráð fyrir fyrmingu í þeirri núvirðingu. Slíkur útreikningur var gerður eftir að Bandaríkjamenn lengdu verndartíma sinn úr 50 í 70 ár eftir andlát (1998), en árið 2002 skiluðu 17 þarlendir hagfræðiprófessorar, á meðal þeirra nokkrir Nóbelsverðlaunahafar í greininni (Arrow, Coase, Friedman o.fl.), greinargerð sem fól m.a. í sér slíkan reikning. Niðurstaðan, miðað við 7% vexti á ársgrundvelli, var að framlengingin skilaði höfundum og réttöfum 0.12% (miðað við lengingu úr 50 í 70 ár eftir andlát, hækkun umfram það skilar enn minni ávinningi) hækkun að núvirði, þ.e. þeim handhöfum þess höfundaréttar sem hefur hagrænt virði til að byrja með.

b) Kjörgildistími höfundaréttar.

Kjörgildistími höfundaréttar þarf að vera nógu langur til þess að tryggja vilja til, og framkvæmd, sköpunar en ekki mikið umfram það. Umframtími er sóun þar sem búið er að tryggja framboð af því efni sem rétturinn ver. Þar sem höfundaréttur er í raun einokunarréttur, sem almennt séð er ekki á heppilegur vegna verðstýringar, er enn brýnna að taka tillit til þessa. En hversu langan tíma þarf rétturinn að gilda til þess að vilja til sköpunar sé viðhaldið er spurning sem vert er að reyna að svara. Þeir sem það hafa reynt komust að

eftirfarandi niðurstöðum og miðar því í átt að heildrænu svari:

- Landes og Posner (2003) komust að þeirri niðurstöðu að að teknu tilliti til fyrningar væri kjör lengd í kringum 15 ár að meðaltali (sem er áhugavert í ljósi þess að lengi framan af var gildistími höfundaréttar í Bretlandi og Bandaríkjunum 14 ár). Hvert viðbótarár eftir það skilar, að meðaltali litlum ávinningi.
- Boldrin, Levin og Sargent (2002), sem líkt og margir frjálshyggjumenn telja sig vita að samkeppnisforskot sé að minnsta kosti jafn skilvirkt og hugverkaréttindi og að æskilegast sé að leggja eigi slík réttindi af, telja að stytta eigi gildistímann eftir því sem markaðir stækka (vegna aukins hagvaxtar og aukinna viðskipta) uns engin einokunarréttur er til staðar.
- Pollock (2007) sýnir fram á að kjörgildistími er líklegur til að lækka eftir því sem framleiðslukostnaður fellur og eftir því sem birgðir af þegar sköpuðu efni aukast. Hann bætir við að hver svo sem kjörtíminn er nú muni hann lækka í framtíðinni.
- Með öðru reiknilíkani sem ætlað var að sýna kjörgildistíma reiknaði Pollock (2008) sig í 15 ár og staðhæfir að jafnvel þó gildin sem notast er við séu breytileg vegna óvissu um undirliggjandi forsendum sýni niðurstöður að núverandi gildistími sé í öllu falli of langur.

c) Hagrænn ávinningur sem hvati til sköpunar.

Hagræn réttlætning á tilveru höfundaréttar er að rétturinn virkar sem hvati til sköpunar. Vegna möguleika á að afla tekna með réttindunum muni höfundar skapa og gefa út verk í þjóðhagslega hagkvæmu mæli. Það er ljóst að afturvirk framlenging ýtir ekki undir vilja manna til að skapa, sköpunin hefur þegar átt sér stað. Hins vegar er möguleika að slík framlenging ýti undir rentusækni, að möguleikinn á framlengingum síðar meir ýti undir vilja til sköpunar (og skapi þrýsting á stjórnvöld um frekari framlengingar). Og loks er einsýnt að ekki er fyrirsjáanlegur skortur á framboði af slíku efni, og þar sem höfundaréttur tryggir ekki gæði eru fá rök fyrir frekari hvata í formi (lengri) réttinda í ljósi þess.

Það sem hér hefur farið á undan lýsir í stuttu máli hinni hagrænu sýn á viðbótar gildistíma höfundaréttar. Vera má að einhverjum finnist upptalningin einhliða og telji að ætlunin sé varpa neikvæðu ljósi á hugmyndir um framlengingu. Svo er ekki. Einungis er hægt að sýna fram á jákvæð áhrif lengingar í örfáum undantekningartilfellum. Þá er nánast eingöngu um að ræða rétt sem er í eigu stórra fyrirtæki geta hagnýtt rétt sinn með því að skapa nýjar afurðir upp úr gömlum hugverkum og geta, í þeim tilgangi, nýtt sér nýjustu framleiðslu- og miðlunartækni á hverjum tíma.

## *2. Framlengin í ljósi ófjárhagslegra hagsmuna.*

Víkjum nú frá hinu hagræna sjónarhorni á höfundarétt og snúum okkur að því að skoða þýðingu þess að lengja gildistímann í ljósi sem sér höfundaréttinn sem persónuréttindi ekki síður, og jafnvel fremur, en verkfæri til fjárhagslegrar nýtingar. Sú sýn byggir á hugmyndum um einstaklinginn og (eigna)réttindi sem skapast vegna tengsla einstaklings og vinnu hans og sköpunar. Nánar tiltekið á hugmyndum Kants og Hegels þar að lútandi. Þarna ströndum við strax á þeirri furðulegu tilhögun að setja tímamörk í árum á gildistímann. Ef, líkt og kenningarnar fela í sér, persónurétturinn er til kominn vegna sérstæðra eiginleika þess sem skapar (listamanns/uppfinningamanns) og fær réttmæti sitt í gegnum þann siðfræðilega skilning okkar að slíkur uppruni skapi helg tengsl á milli skapara og sköpunarverks (Kant), þá hljótum við að spyrja okkur hvers konar (tíma)mörk eru slíku sambandi sett. Enginn hefðbundinn eignaréttur er háður tímatakörkunum. Enn áleitnari verður spurningin þegar hugmyndir um að sköpunarverkið sé einhverskonar framlenging á listamanninum sjálfum, að sérstakt (sköpunar)eðli hans sé hluti af og endurspeglar í sköpunarverkinu (Hegel), ber á góma. Að slíku sambandi sé veitt viðurkenning af samfélaginu í formi höfundaréttar í 17, 35, 120 ...ár er óskýranleg hugmynd. Niðurstaðan hlýtur að vera sú að annað hvort lýkur þessu sambandi sköpunarverks og þess sem skapaði það við andlát höfundar, þar sem annar aðili hins tvíhliða sambands er ekki lengur til, eða að sambandið sé þess eðlis að minning og sæmd höfundar sé enn bundin í verkinu þrátt fyrir andlát hans og þá hlýtur það að vara eins lengi og verkið er til. Jafnvel að eilífu. Það er vegna þessa að í mörgum ríkjum sem vernda sæmdarrétturinn varir hann að eilífu. Það á til dæmis við hér á Íslandi. Hinn hagræni réttur gildir í 70 ár eftir andlát höfundar en sæmdarréttur ótímabundið. Því er ljóst að framlengin á gildistíma höfundaréttarins nær eingöngu til hins hagræna réttar og rökin fyrir framlengingu hans eru þá, líkt og sést hér að ofan, ekki burðug.

## *3. Sjónarmið höfunda/listamanna varðandi gildistíma höfundaréttar*

En hvert er sjónarmið þeirra sem framlengin á að gagnast, listamanna? Nú ber svo vel í veiði að sú sem hér skrifar hefur undir höndum rannsókn sem leiðir það í ljós. Rannsóknin, sem var í formi spurningalista, var framkvæmd hér á landi árið 2011 og var úrtakið allir þeir sem skráðir voru á þeim tíma í eitt eða fleiri aðildafélög Bandalags íslenskra listamanna. Ríflega 800 einstaklingar svöruðu löngum spurningalistanum að hluta en full svörun fékkst frá 427 einstaklingum. Rannsóknin er afar viðamikil og kannaðir eru fjölmargir þættir sem varpa ljósi á afstöðu listamanna til höfundaréttar og skilnings þeirra á lögnum og hlutverki þeirra. Og nokkrar spurninganna snúa einmitt að afstöðu listamanna til gildistíma höfundaréttar. Niðurstöðurnar eru nokkuð afdráttarlausar. Tveir þriðju hlutar svarenda eru þeirrar skoðunar að núverandi gildistími sé ákjósanlegur (63.83%). Sá þriðjungur sem eftir stendur skiptist nokkuð jafnt í hópa sem annars vegar finnst gildistíminn of skammur (15.3%) og annan sem

telur hann vera of langan (20.83%). Þegar svarendur voru spurðir aftur, með öðrum hætti og boðið upp á nokkra möguleika kom í ljós að flestir töldu heppilegast að rétturinn væri áfram í núverandi gildistíma og að farið væri með sæmdarrétt líkt og lögin gera nú. Næst stærsti hópurinn taldi að stytta ætti verndartíma en halda sæmdarrétti ótímabundnum og þriðji stærsti hópurinn vildi halda verndartíma óbreyttum jafnvel án sæmdarréttar. Af þessu má sjá að lítið hlutfall listamanna er þeirrar skoðunar að heppilegt sé að lengja gildistíma höfundaréttar.

#### *4. Afturvirkni veldur eignaupptöku úr menningarlegri sameign þjóðar (e. public domain)*

Ekki kom fram í greinargerð með lögum sem innleiddu tilskipun Evrópusambandsins frá 1996 hvort lögin voru afturvirk eða hvort hin 20 ára framlengin kom til eingöngu á þeim verkum sem sköpuð væru eftir innleiðinguna. Gera verður ráð fyrir að þau hafi verið afturvirk, a.m.k. hefur sú sem hér skrifað ekki heyrt talað um tvö gildandi verndartímabil sem ráðast af því hvort verk var skapað fyrir eða eftir 1996. Sé það rétt táknað það að verk féllu úr höfundarétti á tímabilinu 1975-1996 fóru aftur í einkaeigu. Ef við gerum ráð fyrir að til sé fyrirbærið menningarleg almannaeign, eða menningarleg sameign þjóðar, sambærileg við það sem nefnist 'public domain' á alþjóðlega vísu og að verk verði slík eign þegar verndartíma lýkur, hefur orðið eignaupptaka úr menningarlegri almannaeign við þessa breytingu. Hið sama mun gerast næst þegar afturvirk framlenging verður. Þetta hefur ýmsar afleiðingar í för með sér en því miður er ekki mögulegt að fjalla um þær nánar hér.

Ef til stendur að framlengja höfundarétt nú er tilhlýðilegt að kalla eftir skýringum á því með hvaða hætti er eignaupptaka úr hinni menningarlegu sameign þjóðarinnar réttlætt sem, með hvaða röksemdum væntanlegur gildistími er ákvarðaður og loks því, með hvaða hætti framlengin á að hagnast listamönnum?

Reykjavík, 21. október 2014

Kristín Amalía Atladóttir



Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda  
Collecting Society for Performing Artists and Phonogram Producers

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis,  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi 15. 5. 2015

**Efni : Umsagnir um 3 frumvörp um breytingar á höfundalögum**

Í bréfi þessu mun Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda gefa umsagnir um þrjú frumvörp sem lögð hafa verið fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015 þ.e. frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, með áorðnum breytingum (innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum), mál nr.700, frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum, (Lenging verndartíma hljóðrita.), mál nr. 701 og frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, með áorðnum breytingum,(endurskoðun höfundalaga – einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), mál nr. 703.

Öll þessi frumvörp hafa í för með sér réttarbætur bæði fyrir notendur og réttihafa, en efni frumvarpsins um lengingu verndartíma hefur lengi verið baráttumál bæði fyrir hljómlistarflytjendur og hljómplötuframleiðendur, en lagafrumvarpinu er ætlað að leiða í íslensk lög hluta af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinn skyldra réttinda. EES-EFTA ríkjum var veittur frestur til 1. ágúst 2014 til að innleiða tilskipunina. Er því ljóst að löngu ert tímært að lögfesta þessi ákvæði um aukin réttindi, höfunda, flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

Stjórn SFH mælir eindregið með því að öll þessi frumvörp verði lögfest á yfirstandandi vörþingi.

Virðingarfyllt

F.h. Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Gunnar Guðmundsson framkvstj.



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 15. maí 2015

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (EES-reglur, lengri verndartími hljóðrita), 702. mál

Vísast til frumvarps til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum (lenging verndartíma hljóðrita), þskj. nr. 1175. Er með umræddu frumvarpi verið að innleiða hluta af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda („verndartímatilskipunin“).

Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda („SÍK“) fagna tilkomu þessa frumvarps og leggja til að það verði samþykkt en áskilja sér þó rétt á síðari stigum til að koma með frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

f.h. SÍK

Hilmar Sigurðsson  
formaður SÍK

f.h. SI

Katrín D. Þorsteinsdóttir  
forstöðumaður hugverkaiðnaðar  
og mannaúds SI

Reykjavík 19. maí 2015

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefnasvið@althingi.

### **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (lenging verndartíma hljóðrita) 701. mál.**

STEF fagnar innleiðingu í íslensk lög á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma hljóðrita og tiltekinn skyldra réttinda.

Eitt af meginatriðum frumvarpsins er að lögfesta þá útreiknireglu að þegar tónverk með texta á sér fleiri en einn höfund, skuli verndartími verksins teljast í 70 ár eftir andlát þess höfundar sem lengst lifir, hvort sem það er tónskáld eða textahöfundar, að því gefnu að framlag hvors um sig hafi verið ætlað til notkunar með viðkomandi tónverki ásamt texta. Hér á landi hefur framkvæmd STEFs verið sú sem að ofan er lýst og munu áhrif ákvæðisins því ekki verða mikil. Mikilvægt er þó að með þessu fær framkvæmdin lagastoð auk þess sem að framkvæmdin verður þá samræmd innan EES-ríkja.

Meginefni þessarar tilskipunar snýr þó að listflytjendum og hljóðritaframleiðendum og mælir hún fyrir um að lengja skuli verndartíma þessara aðila úr 50 árum frá útgáfudegi listflutnings í 70 ár. Með þessu er stigið mikilvægt skref í bæta rétt þessara aðila svo og að færa verndartíma þeirra nær verndartíma verka er njóta höfundaréttar. Bent hefur verið á að þegar gildandi verndartíma listflutnings er náð á 50 árum, eru listflytjendur oft um sjötugt og missa þar með mikilvægan tekjustofn seint á starfsævi sinni og þá sérstaklega þeir sem ekki eru jafnframt höfundar að viðkomandi tónlist.

Þá er jafnframt mikilvægt það nýmæli í frumvarpinu sem kveður á um að listflytjandi geti sagt upp samningi við útgefanda um framsal réttinda ef liðin eru 50 ár frá fyrstu útgáfu ef útgefandi hefur ekki verið að nýta hljóðritið með því að bjóða það til sölu í nægilegu magni. Mun þetta vonandi leiða til þess að eldri hljóðrit sem verið hafa ófánleg um nokkurt skeið verði endurútgefin eða þau gerð aðgengileg almenningi á annan hátt svo sem í gegnum tónlistarveitur á netinu.

Telur STEF þó að ganga megi lengra í þessu þannig að sá möguleiki að segja upp útgáfusamningi, hafi útgefandi ekki séð til þess að hljóðrit sé fánlegt um nokkurt skeið, verði ekki bundinn við það að liðin séu 50 ár frá útgáfudegi. Ljóst er að mikill fjöldi hljóðrita hefur ekki verið fánlegur um langt skeið þótt tíminn nái ekki 50 árum, en vegna ákvæða útgáfusamninga er ómögulegt fyrir viðkomandi listflytjendur að gefa út viðkomandi verk





afur. Hefur listflytjandinn svo og höfundur verkanna verulega fjárhagslega og ófjárhagslega hagsmuni af því að geta endurútfært verið í slíkum aðstæðum.

Virðingarfyllt

F.h. STEFs

Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj.